


Sumartíð í blómagarði Alþingis

eftir Þorstein Sæmundsson



Ræs, ræs. Kominn tími til að hringja í vinina í Brussel og grilla kjötfjallið, góði...

Sumartíð í blómagarði Alþingis

"Í ár ber sumardaginn fyrsta upp á fimmtudag". Þessi spaklega setning stóð í Morgunblaðinu fyrir mörgum árum og var ein af þeim fjólum sem færðu ónefndum blaðamanni landsfræðð. Enn spretta skrautblóm af sama tagi, og það við sjálfan Austurvöll. Í greinargerð með nýlegri þingsályktunartillögu um sumartíma, skipan frídaga og orlofs segir m.a.:

"Íslendingar taka þrjá fasta frídaga á fimmtudögum, skírdag, uppstigningardag og sumardaginn fyrsta. Að vísu kemur fyrir **að uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti falla saman**" (leturbreyting mín). Blaðamaður Morgunblaðsins gat haft sér það til afsökunar

að fullyrðing hans væri rétt: sumardaginn fyrsta bar upp á fimmtudag það árið sem önnur ár. En þeir fjórir alþingismenn sem standa að umræddri þingsályktunartillögu hafa ekki þá afsökun. Uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti geta aldrei fallið saman; stysta bil á milli þeirra er ein vika.

Þetta er ekki eina gullkornið í greinargerðinni. Þar stendur: "Enn fremur hefur komið fram það sjónarmið að æskilegt sé að flytja sumardaginn fyrsta frá þriðja fimmtudegi í apríl yfir á sumarið, t.d. júní- eða júlímánaðar" (orðrétt tilvitnun). Hvaðan skyldi sú hugmynd komin, að sumardagurinn fyrsti sé þriðji fimmtudagur í apríl? Hann er það reyndar þetta árið, en það þarf mikla fljótferni til að draga af því þá ályktun, að þetta sé almenn regla. Undanfarin þrjú ár hefur sumardagurinn fyrsti verið fjórði fimmtudagur í apríl. Og hvað eiga mennirnir við þegar þeir tala um að flytja þennan dag fram á sumar? Vilja þeir í alvöru taka upp frídag á miðju sumri og kalla hann sumardaginn fyrsta?

Fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar, Vilhjálmur Egilsson, sannar það í DV hinn 11. mars að hann er ekki með það á hreinu hvenær þeir dagar eru, sem hann vill flytja til. Vilhjálmur segir: "Ég vil líka benda á að fimmtudagsfrídagarnir, bæði sumardagurinn fyrsti og uppstigningardagur, falla í apríl og stundum fyrri partinn í maí". Af orðanna hljóðan mætti ætla, að sumardagurinn fyrsti ætti það til að lenda í maí og hefðu það einhvern tíma þótt fréttir. Hvað uppstigningardag snertir, er hann oftast en ekki seinni hlutann í maí eða í byrjun júní. Að hann sé í apríl er sjaldgæft, svo að ekki sé meira sagt. Það gerðist síðast árið 1818 og mun næst gerast árið 2285.

Í fyrrnefndri greinargerð segir enn fremur að "náttúrulegt hádegi" hér á landi sé um klukkan hálfvö. Flutningsmenn virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því að hádegi er á mismunandi tíma eftir því hvar er á landinu og breytist um þrjá stundarfjórðunga þegar farið er yfir landið frá austri til vesturs. Það að auki sveiflast hádegið til um hálf tíma yfir árið vegna breytilegrar göngu sólar. Þannig getur hádegi á Íslandi verið allt frá klukkan 12:38 til klukkan 13:53, en þau tímamörk spanna hvorki meira né minna en fimm stundarfjórðunga.

Í Morgunblaðinu 15. mars reynir Vilhjálmur Egilsson að rökstyðja þá hugmynd, sem fram kemur í umræddri þingsályktunartillögu, að klukkunni skuli flýtt á sumrin frá því sem nú er. Í grein Vilhjálms eru nokkur dæmi í viðbót um ónákvæmni og fljótferni. Þar segir:

"Ísland er eina landið í hinum vestræna heimi sem ekki hefur sumartíma sem felst í því að klukkan er færð áfram um eina klukkustund undir lok mars og svo er hún færð til baka um eina klukkustund á haustin." Ekki veit ég hvað þingmaðurinn á við þegar hann talar um hinn vestræna heim, en Bandaríkin og Kanada eru þar greinilega ekki á blaði. Í báðum þessum löndum eru fylki eða héruð sem fylgja fastri klukku árið um kring, en á þeim svæðum þar sem reglur eru um sumartíma, er klukkunni flýtt í byrjun apríl.

Í grein sinni leggur Vilhjálmur áherslu á það, að aðrar þjóðir í hinum vestræna heimi hafi tekið upp þann hátt að flýta klukkunni á sumrin. Er á honum að skilja, að þetta hljóti að vera röksemd fyrir því að við gerum hið sama. Svo er þó ekki, því að aðstæður hér á landi eru ekki þær sömu og í þeim löndum sem vitnað er til. Eins og ég benti á í Mbl. 9. mars, var "sumartíminn" upphaflega neyðarráðstöfun sem gripið var til tímabundið á styrjaldartímum til

að spara eldsneyti. Þegar við Íslendingar tókum upp fasta klukku árið 1968, voru flestar þjóðir hættar að flýta klukkunni á sumrin, en vegna olíukreppunnar á áttunda áratugnum snerist þróunin við. Ástæðan fyrir því að aðrar þjóðir taka á sig öll þau óþægindi sem fylgja hringlinu með klukkuna er fyrst og fremst sú, að þær eru að spara eldsneyti - áður voru það kolin sem mestu máli skiptu, en núna olían. Á Íslandi er þessi ástæða ekki fyrir hendi.

Þegar Vilhjálmur hvetur til þess að við förum að dæmi annarra þjóða, yfirsést honum líka í öðru atriði. Við Íslendingar búum þegar við fljóta klukku allt árið. Ef við vildum fara að dæmi meirihluta þeirra þjóða sem Vilhjálmur vitnar til, ættum við ekki að flýta klukkunni á sumrin frá því sem nú er, heldur seinka henni á veturna. Með öðrum orðum, við ættum þá að hverfa aftur til þess fyrirkomulags sem gildi hér á landi fyrir 1968. Varla er það þetta sem Vilhjálmur ætlast til, því að við myndum þá fjarlægjast Evrópulönd í tíma yfir vetrarmánuðina.

Að lokum gerir Vilhjálmur því skóna, að gagnrýni mín á tillögum hans um sumartíma stafi af því að ég óttist meiri fyrirhöfn við að semja og prófarkalesa töflur í almanakinu. Ef þingmaðurinn hefði gefið sér tóm til að lesa betur greinina sem hann er að andmæla, hefði honum skilist, að töflur í almanökum verða að fylgja föstum tíma árið um kring. Með öðrum orðum, reglur um sérstaka stillingu klukkunnar á sumrin hafa engin áhrif á slíkar töflur. Ekki myndi þurfa að breyta stafkrók þótt tillögur Vilhjálms næðu fram að ganga. Hins vegar þyrftu lesendur að muna að bæta klukkustund við tímana í töflunum á sumrin ef klukkunni væri flýtt, eins og þeir þyrftu að gera meðan reglur um sérstakan sumartíma voru í gildi (1917-1918 og 1939-1968). Þetta verða lesendur almanaka í nágrennalöndum okkar að sætta sig við.

Þótt ekki sé allt upp talið sem aðfinnsluvert er í þessu máli, skal látið staðar numið að sinni. Vonandi heyrja vinnubrögð eins og þau, sem hér hefur verið lýst, til undantekninga á hinu háa Alþingi.

Þorsteinn Sæmundsson